

Söluskattur er innifalinn í gjaldskránni nema af gjöldum fyrir raforku til húshitunar.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá Rafveitu Selfoss nr. 237 30. október 1970 með síðari breytingum.

Iðnaðarráðuneytið, 7. apríl 1972.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

7. apríl 1972.

Nr. 84.

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Hveragerðis.

I. RAFORKA

Rafveita Hveragerðis selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

A. Lýsing.

- | | | |
|--|-----|------------------------------|
| 11. Til almennrar lýsingar um kwst.mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II. | | |
| Orkugjald | kr. | 11.60 á kwst. |
| 12. Til almennrar lýsingar um kwst.mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II. | | |
| Orkugjald | — | 3.40 á kwst. |
| Fastagjald af gólfleti í rúmi því, er lýsa skal, mælt innan útveggja: | | |
| Verzlanir, skrifstofur, vinnustofur o. þ. h. | — | 58.00 á m ² á ári |
| Geymslur og gangar þeim tilheyrandi | — | 23.00 á m ² á ári |
| 13. Til götulýsingar um kwst.mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II. | | |
| Orkugjald | — | 3.40 á kwst. |
| 14. Til nota um vinnulagnir meðan á byggingu stendur, um kwst.mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II. | | |
| Orkugjald | — | 5.80 á kwst. |

B. Almenn heimilisnotkun.

- | | | |
|--|---|--------------|
| 21. Til heimilisnotkunar um kwst.mæli: | | |
| Fast gjald | — | 222.00 á ári |
| Orkugjald | — | 2.60 á kwst. |
| Fastagjald af hverju herbergi | — | 222.00 á ári |
- Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem ætluð eru til íbúðar, og eldhús. Herbergi 5 m² eða minna reiknast hálf, en 25 m² eða stærra tvö.

22. Til matargerðar í gisti- og veitingahúsum og öðrum slíkum stöðum, enn fremur súgþurrkunar, enda séu öll tæki fasttengd, um kwst.mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald kr. 2.60 á kwst.

C. Vélanotkun.

31. Um kwst.mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald — 5.80 á kwst.
Krefjast má minnsta árgjalds kr. 1 191.00 á kw. í málaun véla. Eftir þessum gjaldskrárlið má einnig selja raforku til lýsingar, og reiknast þá að auki fermetragjald af gólfleti eftir sömu reglum og gilda um lið 12, en þriðjungi lægri.
32. Um afl og orkumæla:
Fast gjald — 2 994.00 á ári
Orkugjald — 0.85 á kwst.
Aflgjald af notuðu afli, lágmark 2 kw. — 2 994.00 á kw. á ári
Heimilt er að selja alla raforkunotkun fyrir-tækja eftir þessum gjaldskrárlið. Fastagjald vegna lýsingar skal þá reiknað samkvæmt gjaldskrárlið 12 og lágmarksaflgjald sem svarar 20 kw.
33. Ef ekki eru tók á að mæla notað afl, má selja þannig um kwst.mæli:
Fast gjald — 2 994.00 á ári
Orkugjald — 0.85 á kwst.
Fastagjald miðað við málaun véla, lágmark 2 kw. . . — 2 382.00 á ári
Ef fassvikstuðull hjá notanda er lægri en 0.8, getur rafveitan krafizt að hann sé hækkaður upp í það gildi.
Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, sem valda tilfínnanlegum truflunum, eða takmarka notkun þeirra við tiltekna tíma sólarhrings.

D. Hitun.

41. Til húshitunar, hitunar í vatnsgeymum, gufuköttlum o. þ. h., roftími 1 klst. á dag, um kwst.mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald — 1.54 á kwst.
42. Til húshitunar, roftími 2×1.5 klst. á dag, um kwst.-mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald — 0.70 á kwst.
43. Til húshitunar, roftími allt að 15 klst. á dag, um kwst.mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald — 0.40 á kwst.

44. Til bókunarofna í brauðgerðarhúsum og til annarra hliðstæðra nota, roftími allt að 11 klst. á dag, um kwst.mæli:

Mælisleiga samkvæmt kafla II.

Orkugjald kr. 0.77 á kwst.

Um framangreinda hitagjaldskrárlíði gildir eftirfarandi ákvæði. Minnsta árgjald skal vera sem svarar 1500 klst. notkun á hvert kw. uppsetts afls hitunartækja.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar.

- Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið.
- Að notandi kosti tengingu klukkurofa, sem rafveitan leggur til, og greiði leigu af þeim, samkvæmt reglum er gilda um leigu mæla.
- Að hitatæki, lagnir og búnaður sé samkvæmt fyrir mælum rafveitunnar, ofnar og önnur hitatæki fastengd.
Lægsta gjald fyrir raforkunotkun um heimtaug skal vera kr. 1700.00 á ári. Mismun á ársnotkun og lægsta gjaldi ef einhver er, skal innheimta á fyrra árs-helmingi næsta árs.

II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er ákvörðun hans skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum sem hér segir:

- Af einfasa kwst.mælum 30 A og minni kr. 192.00 á ári
- Af þrífasa kwst.mælum 50 A og minni — 360.00 á ári
- Af þrífasa kwst.mælum yfir 50 A og til 100 A — 480.00 á ári

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru, enn fremur klukkurofum, skal ársleiga vera sem næst 15% af verði tækjanna.

III. HEIMTAUGARGJÖLD

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtaugar eða spennistöðvar fyrir hverja húsveitu. Umsækjandi heimtaugar skal gera grein fyrir væntanlegri notkun húsnæðis og helztu raforkunotkun. Heimtaugargjald fyrir eina heimtaug (spennistöð), skal greiða samkvæmt eftirfarandi töflu.

Málstraumur 220 V kerfi Amp.	stofnvara 380 V kerfi Amp.	Hámarks- afl KVA	Heimtaugar- gjald Kr.	Yfirlengdargjald Jarðstrengur Kr./m	Loftlína Kr./stólpa
2 × 60	1 × 60	13	9 235	480	7 365
3 × 60	2 × 60	22	12 845	538	8 795
3 × 100	3 × 60	38	19 270	626	10 040
	3 × 100	66	31 650	790	11 640
3 × 200		75	34 130	842	
3 × 350	3 × 200	132	57 010	1 177	
		150 sp.	64 245	x	
	3 × 350	231	96 765	1 524	
		300 sp.	124 470	x	
		500 sp.	204 770	x	

x) Greiðist samkvæmt kostnaði.

Umframgjald vegna stærðar lóðar reiknast fyrir bæði jarðstrengs- og loftlínuheimtaug kr. 3.20 á hvern m² umfram 800 m². Yfirlengdargjald miðast við jarðstrengsheimtaug lengri en 15 m og loftlínuheimtaug lengri en 30 m.

Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, stytztu greiðfæra leið að varkassa á útvegg, teljist hagkvæmara að hafa varkassa á innvegg skal leita samþykkis rafveitustjóra um gerð og frágang pípu, sem strengurinn verður dreginn í. Sé jarðstrengsheimtaug lögð frá loftlínu (samkvæmt ósk heimtaugarbeiðanda) skal lengd heimtaugar reiknuð frá loftlínustólpa að varkassa, en þveri heimtaugin akbraut skal breidd akbrautar dregin frá.

Lengd loftlínuheimtaugar reiknast frá næsta stólpa í götulínu stytztu greiðfæra leið að varkassa.

Sé lögð bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr eða hús í byggingu, skal greitt fyrir hana, sem hér segir:

60 amp., einfasa	kr. 2 420.00
60 amp., þrífasa	— 3 300.00

Séu aðstæður þannig að kostnaður við lagningu bráðabirgðaheimtaugar verði óeðlilega hár, má taka gjald fyrir hana samkvæmt kostnaði.

Telji rafveitustjóri að auka þurfi flutningsgetu heimtaugar eða spennis, skal notandinn greiða mismun, samkvæmt gjaldskrá. Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja upp spennistöð að mestu eða öllu leyti, vegna eins notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra, vegna staðsetningar stöðvarinnar.

Þegar húsnæði er lagt til skal það fullnægja skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa, að dómi rafveitustjóra. Eðlilegur kostnaður notanda við gerð húsnæðis fyrir spennistöðina greiðist af rafveitunni, og kemur til frádráttar heimtaugargjaldi, þó aldrei meiri frádráttur en heimtaugargjaldinu nemur.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óeðlilegar, skal greiða heimtaugargjald samkvæmt kostnaðarreikningi. Heimtaugargjald skal greitt að fullu, þegar sótt er um heimtaug.

IV. OPNUNARGJÖLD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 250.00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki enduropnuð, fyrr en notandinn hefur greitt kr. 250.00 á skrifstofu rafveitunnar.

Söluskattur er innifalinn í gjaldskránni nema af gjöldum fyrir raforku til húshitunar.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Hveragerðis nr. 234 30. október 1970 með síðari breytingum.

Iðnaðarráðuneytið, 7. apríl 1972.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.